

Billu

Billu  
2

ORKUSTOFNUN  
Málaskrif  
4423

Friðlaða

ALITSGJÖRD

UM

KOSTNAÐ VIÐ VIRKJUN SKEIÐSFOSS Í FLJÓTUM

OG STOFNKOSTNAÐ RAFVEITU SIGLUFJARDAR.

Undirritað:

Nóv 1946  
Finnbogi R. Þorvaldsson  
Vagnari Thoroðsson

Upplag af þessum geymt á lofti.

# Á L I T S G J Ö R Ð

um

kostnað við virkjun Skeiðsfoss í Fljóttum  
og stofnkostnað rafveitu Siglufjarðar.

Með bréfi frá forstjóra Rafmagnseftirlits ríkisins, dags. 30. júlí 1945 var okkur undirrituðum falið í samráði við bæjarstjóra Siglufjarðar og fulltrúa frá Højgaard & Schultz að athuga "hvada ástæður liggja til þess, að kostnaður við framkvæmd Skeiðsfossvirkjunarinnar hefur hækkað frá því sem áætlað var". Jafnframt var Birni Árnasyni endurskoðanda í Reykjavík falið að endurskoða reikninga yfir kostnað við framkvæmd verksins.

Stofnkostnaði rafveitunnar má skipta í þrjá kostnaðarliði:

- I. Kostnaður við að reisa orkuverið við Skeiðsfoss og leggja háspennulínu til Siglufjarðar, sbr. verkamning við Højgaard & Schultz h/f, dags. 23. okt. 1942.
- II. Matsverð gömlu rafstöðvarinnar og gamla rafveitukerfisins á Siglufirði og kostnaður við aukningu á því.
- III. Vaxtakostnaður, lántökugjald, kaupverð jarða, skaðabætur o.fl.

Um I var gerð áætlun í maí 1942 og er því unnt að gera samanburð á þeirri áætlun og kostnaði við framkvæmd verksins. Um II og III liggja ekki fyrir áætlanir og verður því enginn samanburður gerður um þá kostnaðarliði; hins vegar er unnt að gera sér nokkra grein fyrir stofnkostnaði rafveitunnar eftir athugun á mannvirkjunum og þeim upplýsingum, sem fyrir liggja.

Hinn 31. ágúst f.á. fórum við undirritaðir ásamt fulltrúa Højgaard & Schultz, Lundgaard verkfræðingi, til orkuversins við Skeiðsfoss og til Siglufjarðar. Athuguðum við mannvirkin og áttum viðræður um málið við bæjarstjórnann á Siglufirði og rafveitustjórnann þar, en þar sem ekki lágu fyrir nægilegar upplýsingar um kostnað við framkvæmd verksins, varð að fresta öðrum störfum í málinu. Fórum við þess á leit við firma Højgaard & Schultz að hraðað yrði útreikningi og sundurliðun á kostnaðinum, og þegar það dróst, ítrekuðum við þessi tilmæli, með bréfum, dags. 9/10. og 8/11-1945 (fskj. II). Jafnframt biðum við þess, að endurskoðun Björns Árnasonar gæti orðið okkur til stuðnings við afgreiðslu málsins.

Þar sem fyrirsjáanlegt var, að nokkur dráttur yrði á því, að við gætum fengið fullnægjandi upplýsingar um kostnað við framkvæmd verksins, reiknuðum við stofnkostnaðinn lauslega eftir þeim upplýsingum, sem fyrir lágu í jan. 1946 (fskj. III).

Við útreikninga þessa höfum við í fyrsta lagi reiknað það verk, sem áætlað var 1942, með því verðlagi sem var á efni og vinnu, meðan framkvæmd verksins stóð yfir. Í öðru lagi höfum við reiknað kostnað mannvirkjanna með þeirri aukningu, sem gerð var, og hækkuðu verðlagi.

Samkvæmt þessum útreikningi, sem færður er í töflu í fskj. III, bls. 19, hefði það verk, sem samningurinn við Højgaard & Schultz nær til, átt að kosta um kr. 9.165.000, miðað við aukningu verksins og verðhækkun. Kostnaður við þenna hluta verksins mun hins vegar hafa orðið um kr. 10.500.000, og virðast því mannvirkin við Skeiðsfoss og háspennulínan hafa kostað um kr. 1.435.000 meira, en aukning og verðhækkun nemur. Mun þessi kostnaðarauki að mestu leyti stafa af yfirvinnu og vinnubrögðum.

Eftir þessum frumreikningum á fskj. III, skiptist stofnkostnaður rafveitunnar þannig:

Orkuverið við Skeiðsfoss og háspennulínan	
til Siglufjarðar .....	kr. 10.500.000
Matsverð gömlu rafstöðvarinnar og gamla bæjar- kerfisins á Siglufirði .....	kr. 900.000
Aukning bæjarkerfisins .....	" 1.140.000
Vextir, lántökugjald, jarðakaup, skaðabætur	
o.fl. ....	" 1.800.000
Stofnkostnaður samtals	kr. 14.340.000

Eins og áður er sagt, var þessi frumreikningur um stofnkostnaðinn gerður áður en gengið var frá reikningum yfir kostnað við framkvæmd verksins, bæði vegna rafveitukerfisins á Siglufirði og vegna verksamningsins við Højgaard & Schultz.

I. S A M N I N G U R I N N

milli Siglufjarðarkaupstaðar og Højgaard & Schultz h/f.

Með samningi, dags. 23. okt. 1942 (Fskj. I), tók firma Højgaard & Schultz h/f. (verksali) að sér að gera fyrir Siglufjarðarkaupstað (verkkauþanda) vatnsaflsstöð við Skeiðsfoss í Fljóttum ásamt háspennulínu frá Skeiðsfossi til Siglufjarðar. Þessi mannvirki voru reist á ábyrgð og kostnað Siglufjarðarkaupstaðar.

Samningurinn var gerður samkv. kostnaðaráætlun Højgaard & Schultz, dags. 31. maí 1942, sem var í höfuðdráttum þannig:

Stífla .....	kr.	913.000
Þrýstivatnspípa .....	"	562.000
Stöðvarhús .....	"	245.000
Vélar .....	"	916.000
Vélavardahús .....	"	50.000
Háspennulína .....	"	582.000
Kostnaður á vinnustað .....	"	254.000
Þóknun og vélaleiga .....	"	455.000
Ófyrirséð .....	"	<u>273.000</u>
Samtals	kr.	4.250.000

Í áætluninni er ekki innifalinn kostnaður við aukningu innanbæjarkerfisins á Siglufirði, kaup á gamla bæjarkerfinu þar, lántöku- og vaxtakostnaður meðan framkvæmd verksins stóð yfir, og kaup á jörðum og skababætur vegna vatnshækkunar fyrir ofan stífluna.

Á þeim tíma, sem verkið var framkvæmt, átti sér stað, eins og kunnugt er, veruleg verðhækkun á vinnu og efni. Hlaut því virkjunarkostnaðurinn að verða allmiklu hærri en áætlað var. Auk þess mun aukning verksins við Skeiðsfoss hafa numið allt að 15% af kostnaðarverðinu.

KOSTNAÐARÚTREIKNINGUR.

Sá yfirlitsreikningur, sem við gerðum í janúar 1946 (fskj. III), áður en verksali hafði gert nákvæma grein fyrir kostnaði sínum við framkvæmd verksins, var, eins og áður er sagt, aðeins frumáætlun um kostnaðinn. Að fengnum ítarlegri upplýsingum hjá verksala höfum við gert eftirfarandi útreikning og sundurgreiningu á kostnaðarliðum og þá um ýms atriði fengið munnlegar skýringar hjá verksala.

Efnið er talið eftir kostnaðarreikningi verksala og er þar innifalin allmikil upphæð fyrir flutning efnisins að vinnustað, en sá kostnaðarliður mun hafa orðið tiltölulega hár.

Miðað við áætlun 1942, hefir þó vinna hækkað enn meir en efni. Stafar það fyrst og fremst af kauphækkun, aukinni yfirvinnu og vinnubrögðum. Skal hér leitast við að gera grein fyrir þeirri verðhækkun, sem hver þessara liða hefir orsakað.

A. Hækkunarstuðull á vinnu.

a. Verðlagsuppbót.

Eftir upplýsingum verksala skiptist vinna við framkvæmd verksins í höfuðdráttum þannig (sbr. verðlagsuppbót, fskj. III).

1942 frá 1. og út árið	6%	af verkinu,	verðl.	2,37	=	0,142
1943 allt árið	15%	"	"	2,57	=	0,386
1944 " "	65%	"	"	2,67	=	1,736
1945 " "	14%	"	"	2,76	=	<u>0,386</u>
						2,650

Þótt tekin sé meðalverðlagsuppbót fyrir sumarmánuðina eina, verður útkoman mjög lík. Hækkunarstuðull fyrir verðlagsuppbót er því að meðaltali yfir allt tímabilið um 2,65

b. Hækkunarstuðull á dagkaup verkamanna.

Í maí 1942 var tímakaup verkamanna 2,33 kr., sbr. bréf verksala, dags. 5. apríl '46. (fskj. IV).

1943-1945 var tímakaup verkamanna að jafnaði:

$$2,10 \times 2,65 = \text{kr. } 5,57$$

$$\text{Orlofsfé } 4\% = \text{" } \underline{0,22}$$

$$\text{kr. } 5,79 \text{ á klst.}$$

$$\text{Hækkunarstuðull: } \frac{5,79}{2,33} = \underline{2,48}$$

c. Hækkunarstuðull á dagkaup iðnaðarmanna.

Í maí 1942 var tímakaup iðnaðarmanna:

$$2,00 \cdot 1,82 = \text{kr. } 3,64 \text{ með orlofsfé.}$$

1943-1945 var tímakaup iðnabarmanna að jafnaði:

$$3,35 \cdot 2,65 = \text{kr. } 8,88$$

$$\text{Orlofsfé } 4\% = \underline{\text{" } 0,36}$$

kr. 9,24 á klst.

$$\text{Hækkunarstuðull: } \frac{9,24}{3,64} = \underline{2,54}$$

d. Hækkunarstuðull á dagkaup verkamanna, sem unnu við smiðar.

Í áætlun 1942 var, eins og áður er sagt, verkamanna-kaup reiknað 2,33 kr. á klst.

Þar sem ekki fengust nægilega margir smiðir í vinnuna, varð að ráða marga lagtaka menn með hærri kaupmi en verkamenn höfðu, og unnu þeir ýmist sem verkamenn eða smiðir.

Kaup þeirra varð:

$$\text{kr. } 2,90$$

$$+ \text{ orlofsfé } 4\% \quad \underline{\text{" } 0,12}$$

$$\text{kr. } 3,02 \times 265 = 8,00 \text{ kr. á klst.}$$

$$\text{Hækkunarstuðull: } \frac{8,00}{2,33} = \underline{3,43}$$

e. Hækkunarstuðull á dagkaup uppskipunarmanna.

Við uppskipun var í áætluninni gert ráð fyrir verkamannakaupi, 2,33 kr. á klst.

Kaup þeirra varð:

$$\text{kr. } 2,81$$

$$+ \text{ orlofsfé } 4\% \quad \underline{\text{" } 0,11}$$

$$\text{kr. } 2,92 \times 265 = 7,75 \text{ kr. á klst.}$$

$$\text{Hækkunarstuðull: } \frac{7,75}{2,33} = \underline{3,33}$$

f. Jafnaðarstuðull fyrir hækkun á dagvinnu.

Eftir upplýsingum verksala skiptist vinnan hlutfallslega þannig á starfsliðið:

Verkamenn .....	hlutfallslega	100
Iðnabarmenn .....	"	25
Gerfismiðir .....	"	28
Uppskipunarmenn ...	"	20

Kauphlutföll verða þá þannig:

Verkamenn	100 x 2,28 = 228	-	50,8%
Iðnabarmenn	25 x 3,35 = 84	-	18,7%
Gerfismiðir	28 x 2,90 = 81	-	18,0%
Uppskipunarm.	20 x 2,81 = 56	-	12,5%
	449	-	100,0%

Hækkunarstuðull á dagvinnu þessara starfsmanna í heild fæst þannig:

Verkamenn	2,48 · 50,8% = 1,260
Iðnaðarmenn	2,54 · 18,7% = 0,475
Gerfismiðir	3,43 · 18,0% = 0,617
Uppskipunarm.	3,33 · 12,5% = <u>0,416</u>
	Samtals 2,768 <u>2,77,</u>

sem er jafnaðarstuðull fyrir hækkun á dagvinnu eins og verkinu var hagað. En þess ber að gæta, að gerfismiðir unnu að nokkru leyti við störf, sem í áætlun um verkið 1942 voru reiknuð herra verði en verkamannavinna. Hækkunarstuðull á vinnu þeirra lækkar, sem því nemur, ef kostnaðarreikningurinn er miðaður við eðlilega hækkun á vinnu frá 1942.

Eftir upplýsingum verksala munu störf "gerfismiða" hafa skiptst því nær að jöfnu á smiðar og verkamannavinnu. Jafnaðarstuðull fyrir hækkun á dagvinnu verður þá þannig:

Verkamenn .....	1,260
Iðnaðarmenn .....	0,475
"Gerfismiðir" 3,43 x 9,0%	0,309
"do 2,48 x 9,0%	0,223
Uppskipunarmenn .....	<u>0,416</u>
Samtals	2,683 <u>2,68</u>

#### B. Y f i r v i n n a.

Samkv. upplýsingum verksala hefir vinna að jafnaði verið reiknuð um 12 stundir á sólarhring.

Verðmunur á 12 klst. vinnu, án og með yfirvinnu, verður þá þannig:

##### a. Verkamenn:

12 · 2,10 .. =	kr. 25,20
Orlofsfé 25,20 x 0,04 =	<u>1,01</u>
	kr. 26,21
Með verðlagsuppbót: 26,21 · 2,65 =	kr. 69,46
Dagkaup verkamanna reiknað með yfirvinnu:	
8 klst. á 2,10 .....	kr. 16,80
3 " " (2,10 · 1,50)	" 9,45
1 " " (2,10 · 2,00)	" 4,20
Orlofsfé 12 · 2,10 · 0,04	<u>1,09</u>
	kr. 31,54
Með verðlagsuppbót: 31,54 x 2,65 =	kr. 83,58
Hækkun vegna yfirvinnu $\frac{14,12}{69,46} =$	20,3%

b. Iðnaðarmenn:

$$\begin{aligned} 12 \cdot 3,35 & \dots\dots\dots = \text{kr. } 40,20 \\ + \text{orlofsfé } 40,20 \cdot 0,04 & = \underline{\text{ " } 1,61} \\ & \text{kr. } 41,81 \end{aligned}$$

Með verðlagsuppbót:  $41,81 \cdot 2,65 = \text{kr. } 110,80$

Dagkaup iðnaðarmanna reiknað með yfirvinnu:

$$\begin{aligned} 8 \text{ klst. á } 3,35 & \text{ kr. } 26,80 \\ 3 \text{ " " } 3,35 \cdot 1,6 & \text{ " } 16,08 \\ 1 \text{ " " } 3,35 \cdot 2,0 & \text{ " } 6,70 \\ \text{Orlofsfé } \dots\dots\dots & \underline{\text{ " } 1,61} \\ & \text{kr. } 51,19 \end{aligned}$$

Með verðlagsuppbót:  $51,19 \cdot 2,65 = \text{kr. } 135,65$

Hækkun vegna yfirvinnu  $\frac{24,85}{110,80} = 22,4\%$

Yfirvinna þessara tveggja starfsflokka hækkar vinnukostnaðinn um 20,9% að jafnaði, en gera má ráð fyrir því, að "gerfismiðir" og uppskipunarmenn hafi hækkað vinnukostnaðinn svo, að kostnaðarauki vegna yfirvinnu nemi allt að 22,0% í hlutfalli við upphaflega áætlun um verkið.

Í kostnaðaráætlun Höjgaard & Schultz 1942 var samkv. upplýsingum verksala reiknuð 5% hækkun á vinnulaun vegna yfirvinnu. Kostnaðarauki vegna yfirvinnu mun því hafa orðið um 17% hærri en áætlað var.



1. Stífla n.

a. E f n i.

Áætlun 1942 ..... kr. 628.000

1. Efni umfram áætlun, samkv. reikningi

verksala. Verð samkv. áætlun 1942:

Sprengiefni í 800 m <sup>3</sup> á 5/-	kr.	4.000	
Sement 512 t á 203/-	"	103.936	
Steypuefni 2300 m <sup>3</sup> á 14/-	"	32.200	
Járn 25 t á 800/-	"	20.000	
Steypumót 500 m <sup>2</sup> á 13/-	"	6.500	166.636
	Samtals	kr.	794.636

Efni umfram áætlun  $\frac{166636}{628000} = 26,5\%$

2. Verðhækkun á efni samkv. reikningum verksala:

Sprengiefni í 1200 m <sup>3</sup> á 6,00 ÷ 5,00 1/-	kr.	1.200	
Sement 2000 t á 295 ÷ 203 92/-	"	184.000	
Steypuefni 8750 m <sup>3</sup> á 43,50 ÷ 14,00 29/50	"	258.125	
Járn 108 t á 1485 ÷ 800 685/-	"	73.980	
Mótatimbur 9200 f <sup>3</sup> á 27,50 ÷ 10,00 17/50	"	161.000	
Samskeyti 400 m á 27.10 ÷ 5,00 22/10	"	8.840	
Tré 1000 f <sup>3</sup> á 27,50 ÷ 10,00 17/50	"	17.500	
Prófiljárn 5,5 t á 2000 ÷ 600 1400/-	"	7.700	
Bráðabirgðastífla 16000 ÷ 8000	"	8.000	
Vatnsloka 164600 ÷ 85000	"	79.600	
Handrið 6000 ÷ 3000	"	3.000	
Olía 6140 kg á kr. 3/→	"	18.420	
Járn og bindivír 96 t á 11/-	"	1.056	
Ýmislegt	"	2.000	
Verðhækkun á efni í stíflu	kr.	824.421	
Efni með áætlunarverði	"	794.636	
Efni í stíflu	Samtals	kr.	1619.057

Verðhækkun  $\frac{824421}{794636} = 103,7\%$

b. V i n n a:

Áætlun 1942 ..... kr. 285.000

1. Vinna umfram áætlun, en með áætlunarverði:

Jarðvinna 400 m <sup>3</sup> á 10/- ..	kr.	4.000	
Grjótsprenging 800 m <sup>3</sup> á 30/- ..	"	24.000	
Steypuvinna 1470 m <sup>3</sup> á 13/-	"	19.110	
Járnabinding 25 t á 260/-	"	6.500	
Mótavinna 500 m <sup>2</sup> á 12/- ..	"	6.000	
Steypuefni 2300 m <sup>3</sup> á 4/-	"	9.200	
Vinna við sement 512 t á 27/- ..	"	<u>13.824</u>	
Vinna umfram áætlun .....	kr.	82.634	" 82.634
Vinna með áætlunarverði ..		<u>Samtals</u>	kr. 367.634

Vinna með hækkunarstuðli 2,68 .....	kr.	985.300	
" " " 2,77 .....	"	1.018.300	
Kostnaðarauki vegna kauphækkunar .....	"	617.700	
" " "gerfismiða" .....	"	33.000	
" " yfirvinnu .....	"	173.100	

Aukin vinna  $\frac{82634}{285000} = 29,0\%$

2. Þrýstivatnspípa.

a. E f n i.

Áætlun 1942 ..... kr. 310.000

1. Efni umfram áætlun, samkv. reikningi verksala. Verð samkv. áætlun 1942:

Sement 120 t á 203/- .....	kr.	24.360	
Steypuefni samkv. sérst. reikn.	"	11.600	
Járn 85 t á 800/- .....	"	6.880	
Mótaviður 375 f <sup>3</sup> á 11/- .....	"	4.125	
Masonite 150 m <sup>2</sup> á 6/- .....	"	900	47.865
	Samtals		kr. 357.865

Efni umfram áætlun  $\frac{47865}{310000} = 15,4\%$

2. Verðhækkun á efni samkv. reikningum verksala:

Sement 595 t á 295 ÷ 203 á 92/-	kr.	54.740	
Steypuefni 270 m <sup>3</sup> á 41 ÷ 14 27/-	"	7.290	
do. 1800 m <sup>3</sup> á 49 ÷ 8,50 á 40/50 .....	"	72.900	
Járn 213,6 t á 1496 ÷ 800 696/-	"	148.666	
Mótaviður 1875 f <sup>3</sup> á 27,50 ÷ 11 á 16/50 .....	"	30.938	
Masonite 600 m <sup>2</sup> á 15 ÷ 6 á 9/-	"	5.400	
Samskeyti 315 m á 22,60 ÷ 5,00 á 17/60 .....	"	5.544	
Þéttiefni í steypu (Sika) o.fl.	"	5.200	
Verðhækkun á efni samtals .....	kr.	330.678	
Efni með áætlunarverði .....	"	357.865	
Efni í þrýstivatnspípu samtals	kr.	688.543	

Verðhækkun  $\frac{330678}{357865} = 92,4\%$

b. V i n n a.

Áætlun 1942 ..... kr. 252.000

1. Vinna umfram áætlun, en með áætlunarverði:

Steinsteypa 170 m <sup>3</sup> á 29/50 .....	kr.	5.015	
Sement 120 tonn á 27/- .....	"	3.240	
Steypuefni (sérst. reikningur) .	"	17.100	
Járn 8,6 t á 235/- .....	"	2.021	
Mótaviður (sérst. reikn.) .....	"	20.000	
Ræsi 200 m á 4/- .....	"	800	
	Samtals	kr.	48.176
÷ Minni jarðfylling 500 m <sup>3</sup> á 4/-	"	2.000	
Vinna umfram áætlun .....	kr.	46.176	46.176
Vinna með áætlunarverði samtals			kr. 298.176

Vinna með hækkunarstuðli 2,68 .....	kr. 799.100
" " " 2,77 .....	" 825.900
Kostnaðarauki vegna kauphækkunar .....	" 500.900
" " gerfismiða .....	" 26.800
" " yfirvinnu .....	" 140.400

Aukin vinna  $\frac{46176}{252000} = 18,3\%$

3. Stöðvarhús.

a. Efni.

Áætlun 1942 ..... kr. 141.000

1. Efni umfram áætlun. Verð samkv. áætlun '42:

Sement 74 t á 203/- .....	kr.	15.022	
Steypuefni 245 m <sup>3</sup> á 14/- .....	"	3.430	
Járn 30 t á 800/- .....	"	24.000	
Mótaviður 1140 m <sup>2</sup> á 12/50 .....	"	14.250	
Vikur 120 m <sup>2</sup> á 12/- .....	"	1.440	
Slétthúðun 140 m <sup>2</sup> á 11/- .....	"	1.540	
Pappi 135 m <sup>2</sup> á 6/- .....	"	810	
Gluggar o.fl. ....	"	4.000	
Olía til vatnsdælu, boltar o.fl. .....	"	600	" 65.092
	Samtals		kr. 206.092

Efni umfram áætlun  $\frac{65092}{141000} = 46,2\%$

2. Verðhækkun á efni samkv. reikningi verksala:

Sement 239 t á 87/- .....	kr.	18.793
Steypuefni 945 m <sup>3</sup> á 29/50 .....	"	27.878
Járn 55 t á 696/- .....	"	38.280
Mótaviður 3500 m <sup>2</sup> á 16/50 .....	"	57.750
Vikur 245 m <sup>2</sup> á 22/- .....	"	5.390
Slétthúðun 290 m <sup>2</sup> 9/- .....	"	2.610
Pappi 305 m <sup>2</sup> 2/- .....	"	610
Slétthúðun útveggja 460 m <sup>2</sup> á 2/-	"	920
do gólfa 70 m <sup>2</sup> á 7/- ..	"	490
Einangrun 190 m <sup>2</sup> á 12/- .....	"	2.280
Slétthúðun 190 m <sup>2</sup> á 5/- .....	"	950
Dyraumbúnaður (22500 ÷ 10000) .	"	12.500
Vatns- skólps- og raflagnir		
13000 ÷ 7000 .....	"	6.000
Gluggar og dyr á nýbyggingu ...	"	14.000
Verðhækkun á efni samtals	kr.	188.451
Efni með áætlunarverði ..	"	206.092
Efni í stöðvarhús samtals	kr.	394.543

Verðhækkun  $\frac{188451}{206092} = 91,4\%$

b. V i n n a.

Áætlun 1942 ..... kr. 104.000

Vinna umfram áætlun, en með áætlunarverði:

Jarðvinna 30 m <sup>3</sup> á 6/50 .....	kr.	195	
Steypuvinna 178 m <sup>3</sup> á 13/50 .....	"	2.403	
Sement 74 t á 27/- .....	"	1.998	
Steypuefni 245 m <sup>3</sup> á 4/- .....	"	980	
Járn 30 t á 260/- .....	"	7.800	
Mótavinna 1140 m <sup>2</sup> á 12/- .....	"	13.680	
Vikureinangrun 120 m <sup>2</sup> á 5/- .....	"	600	
Pappi 135 m <sup>2</sup> á 4/- .....	"	540	
Gluggar o.fl. ....	"	3.000	
Vinna við að dæla vatni .....	"	1.200	
Ýmislegt .....	"	2.500	" 34.896
Vinna með áætlunarverði .....	samtals	kr. 138.896	
Vinna með hækunarstuðli 2,68 .....	"	372.200	
" " " 2,77 .....	"	384.700	
Kostnaðarauki vegna kauphækkunar ...	"	233.300	
" " gerfismiða .....	"	12.500	
" " yfirvinnu .....	"	65.400	

Aukin vinna  $\frac{34896}{104000} = 33,6\%$

4. V é l a r.

Áætlun 1942:

Efni .....	kr.	860.000
Vinna .....	"	<u>56.000</u>
	Samtals	kr. 916.000

Um kaup og uppsetningu vélanna liggur fyrir sundurliðaður reikningur frá verksala, dags. 22/10 1945. Kostnaður er þar talinn kr. 1.088.464.64, en einn kostnaðarliðurinn í þeim reikningi, "Drift og Bygning Barak, Lager m.m., kr. 22.583", virðist falla undir kostnað á vinnustað. Reikningsupphæðin skiptist þá þannig:

Efni .....	kr.	936.000
Vinna .....	"	<u>130.000</u>
Kostnaður á vinnustað .....	"	<u>22.500</u>
	Kr.	1.088.500

a. E f n i.

Innkaupsverð vélanna virðist hafa orðið lægra en áætlað var og allt efnið hefir aðeins hækkað um  $\frac{936000 - 860000}{860000}$  9%, en efni í flest önnur mannvirki verksins virðast hafa hækkað um 97%.

Efni samkv. reikningi verksala .....	kr.	936.000
Verðhækkun = 9% .....	=	" 76.000

b. V i n n a.

Við uppsetningu vélanna skiptist starfsliðið öðruvísi en við önnur mannvirki verksins. Verður því að reikna vinnukostnaðinn með hækkunarstuðli fyrir hvern starfsflokk.

Í áætlun um verkið 1942 skiptist vinnukostnaðurinn þannig:

Vinna vélanna .....	kr.	32.000
" verkanna .....	"	18.900
" við uppskipun og útskipun .....	"	<u>5.100</u>
	Samtals	kr. 56.000

Með hækkunarstuðlum hefði kostnaðurinn átt að verða samkv.

áætlun 1942:

Kaup vélanna 2,54 · 32.000 .....	=	kr.	81.280
" verkanna 2,48 · 18.900 .....	=	"	46.872
" uppskipunarmanna 3,33 · 5.100 .....	=	"	<u>16.985</u>
	Samtals	kr.	145.137

Vinna með hækkunarstuðlum .....	kr.	145.100
Kostnaðarauki vegna kauphækkunar .....	"	89.100
" " yfirvinnu .....	"	24.700

Hér er gert ráð fyrir, að vinna gerfismiða notist að fullu í hlutfalli við kaup þeirra.

5. V é l a v a r ð a h ú s.

Áætlun 1942 ..... kr. 50.000

Í stað þeirra íbúða, sem áætlað var að byggja, voru reist tvö íbúðarhús, samtals um 1100 m<sup>3</sup>. Ef kostnaðurinn er reiknaður kr. 250 á rúmmetra og vinnukostnaður með tilliti til yfirvinnu talinn 60% af heildarverðinu, skiptist kostnaðurinn þannig:

Efni ..... kr. 110.000  
Vinna ..... " 165.000  
Samtals kr. 275.000

a. E f n i.

Áætlun 1942 ..... um kr. 20.000  
Efni umfram áætlun, með áætlunarverði ..... " 35.000  
Verðhækkun á efni 100% ..... " 55.000  
Efni samtals kr. 110.000

b. V i n n a.

60% af 275.000 ..... = kr. 165.000  
Vinna án yfirvinnu (stuðull 2,58) ..... " 136.400  
Vinna með hækkunarstuðli 2,77 ..... " 141.000  
Kostnaðarauki vegna kauphækkunar ..... " 90.100  
" " gerfismiða ..... " 4.600  
" " yfirvinnu ..... " 24.000



6. Háspennulínan.

Áætlun 1942:

Efni .....	kr. 372.000
Vinna .....	" 210.000
Samtals	kr. 582.000

Á háspennulínunni voru gerðar verulegar breytingar, eins og getið er um í yfirlitsáætluninni (fskj. III). Verður því erfitt að meta verkið eftir þeirri áætlun, sem gerð var 1942. Í greinargerðum verksala, dags. 22/10-'45 og 4/5-'46 er kostnaðurinn talinn þannig (fskj. IV):

Efni .....	kr. 648.471.49
Vinna .....	" 747.383.21
Samtals	kr. 1.395.854.70

a. E f n i.

Efni í háspennulínuna hefir samkv. reikningi verksala orðið um 74% dýrara en áætlað, en það er um 23% lægra en annað byggingarefni í mannvirkjunum.

Efni samkv. reikningi verksala kr. 648.500.

Verðhækkun 74%

b. V i n n a.

Áætlun 1942 ..... kr. 210.000

Ef áætlaður vinnukostnaður 1942 er reiknaður með hækkunarstuðli (2,77) og 17% hækkun vegna yfirvinnu, hefði vinnukostnaðurinn átt að verða kr. 680.600. En vegna breytinga á háspennulínunni verður hér að reikna vinnukostnaðinn samkv. reikningi verksala, kr. 747.400 og er þá samkv. upplýsingum verksala, reiknað með sama hlutfalli í kaupgreiðslu til starfsmanna og áætlað hefir verið hér að framan.

Vinnukostnaðurinn verður þá þannig:

Vinna með hækkunarstuðli 2.68 .....	kr. 618.000
" " " 2.77 .....	" 638.800
Kostnaðarauki vegna kauphækkunar ..	" 408.000
" " gerfismiða ....	" 20.800
" " yfirvinnu .....	" 108.600

7. Kostnaður á vinnustað.

Í áætlun um verkið 1942 er kostnaður á vinnustað talinn kr. 220.000, er skiptist þannig:

Efni ..... kr. 105.000  
Vinna ..... " 115.000  
Samtals kr. 220.000

Auk þess er vegalögn og bryggja í Haganesvík samtals um kr. 34.000, samkv. áætlun 1942. Láta mun nærri, að sú upphæð skiptist þannig, að efni nemi um kr. 14.000 og vinna um kr. 20.000. Verður þá heildarupphæðin kr. 254.000 og skiptist þannig:

Efni ..... kr. 119.000  
Vinna ..... " 135.000  
Samtals kr. 254.000

a. E f n i.

Áætlun 1942 kr. 119.000

1. Efni umfram áætlun:

	Verð samkv. áætlun '42	Efni umfram áætlun
Stíflan .....	kr. 628.000	kr. 166.600
Brýstivatnspípan ..	" 310.000	" 47.900
Stöðvarhús .....	" 141.000	" 65.100
Vélar .....	" 860.000	
Vélavardahús .....	" 20.000	" 30.000
Háspennulína .....	" <u>372.000</u>	" <u>28.000</u>
Samtals	kr. 2.331.000	kr. 337.600

Efni umfram áætlun  $\frac{337600}{2331000} = 14,5\%$

Með tilliti til breytinga á háspennulínu mun þó mega hækka þessa hundrabstölu svo, að hún verði um 20% fyrir kostnað á vinnustað.

2. Verðhækkun á efni.

	Verð samkv. áætlun '42	Verðhækkun
Stíflan .....	kr. 794.600	kr. 824.400
Þrýstivatnspípan ..	" 357.900	" 330.700
Stöðvarhús .....	" 206.100	" 188.500
Vélar .....	" 860.000	" 76.000
Vélavardahús .....	" 55.000	" 55.000
Háspennulína .....	" 372.000	" 248.500
Samtals	kr. 2.645.600	kr. 1.732.100

Verðhækkun  $\frac{1732100}{2645600} = 65,4\%$  70%

Efni á vinnustað með áætlunarverði '42 og verðhækkun:

119000 x 1,20 = kr. 142.800  
 142800 x 0,70 = 100.000  
 Samtals kr. 242.800

b. V i n n a.

Áætlun 1942 ..... kr. 135.000

1. Vinna umfram áætlun, en með áætlunarverði:

	Vinna samkv. áætlun '42	Vinna umfram áætlun
Stíflan .....	kr. 285.000	kr. 82.600
Þrýstivatnspípa .....	" 252.000	" 46.200
Stöðvarhús .....	" 104.000	" 34.900
Vélar .....	" 56.000	"
Vélavardahús .....	" 25.000	" 30.000
Háspennulína .....	" 210.000	" 13.500
Samtals	kr. 932.000	kr. 207.200

Vinna umfram áætlun  $\frac{207300}{932000} = 22,2\%$   
 23%

Vinna á vinnustað með

áætlunarverði 1942: 135.000 · 1,23 = kr. 166.100  
 Vinna með hækkunarstuðli 2,68 " 445.100  
 " " " 2,77 " 460.100  
 Kostnaðarauki vegna kauphækkunar ... " 279.000  
 " " gerfismiða ..... " 15.000  
 " " yfirvinnu ..... " 78.200

8. Ófyrirséð.

Áætlun 1942 ..... kr. 273.000

Þar sem hér að framan hefir verið reiknað með kostnaðarverði verksala á mestum hluta efnis í verkið og efnismagnið tekið eftir reikningum hans, ætti þessi kostnaðarliður að falla niður að mestu leyti. Hins vegar ber að taka tillit til þess, að verksali hefir bókfært heildarverð á efni herra en það er reiknað hér að framan og að efni, sem afgangs var, þegar hann skilaði verkinu, verður að reikna með talsverðum afföllum.

Teljum við því rétt, að áætlunarupphæðin um ófyrirséð, kr. 273.000, jafni þennan verðmun og mæti að öðru leyti þeim aukakostnaði við framkvæmd verksins, sem ekki var talinn með í áætlun 1942

9. Afgangsefni og kostnaður við að fullgera mannvirkin við Skeiðsfoss.

Eins og kunnugt er, voru mannvirkin við Skeiðsfoss ekki fullgerð samkv. samningi þegar verksali skilaði verkinu, sbr. "Skeiðsfossvirkjun. Álitsgjörð um mannvirkin", dags. 10. júlí 1946 eftir Árna Daníelsson og Finnþoga R. Þorvaldsson og "Úttekt Fljótaárvirkjunar", dags. 25. sept. 1946 eftir Pál Sigurðsson og Guðjón Guðmundsson.

Í greinargerð verksala með bréfi, dags. 14. okt. 1946 er efni, vinnuskálar o.fl., sem til var á vinnustaðnum, eða afgreitt til verkkaupanda, þegar verksali skilaði verkinu, metið á kr. 250.000. Bæjarstjórinn á Siglufirði herra Hallgrímur Dalberg hefir í samtali við okkur 15. okt. 1946 talið þetta mat of hátt, enda hlýtur það að vera álitamál. En þótt efnið kunní að vera of hátt metið eða oftalið má áætla að andvirði þess nægi til þess að fullgera mannvirkin við Skeiðsfoss samkv. samningi. Við teljum að til þess muni þurfa að verja um kr. 200.000, en erfitt er að áætla þann kostnað nákvæmlega þar sem ekki liggja fyrir ákvæði um það, hvernig frá verkinu skyldi gengið, fullgerðu.

Við útreikninga á kostnaðarverði verksins teljum við því hæfilegt, að andvirði afgangsefnis o.fl. mæti kostnaði við að fullgera mannvirkin við Skeiðsfoss.

10. Sundurliðun á kostnaðarverði efnis og vinnu samkv. útreikningi hér að framan.

E f n i.

	Efni með verði 1942			Verð- hækkun kr.	Efni með verðhækkun kr.
	Áætlun '42 kr.	Umfram kr.	Samtals kr.		
Stífla .....	628000	166600	794600	824400	1619000
Þrýstivatnspípa	310000	47900	357900	330700	688600
Stöðvarhús ....	141000	65100	206100	188500	394600
Vélar .....	860000		860000	76000	936000
Vélavarðahús ..	25000	30000	55000	55000	110000
Háspennulína ..	372000	28000	400000	248500	648500
Kostnaður á vinnustað .....	119000	23800	142800	100000	242800
Samtals	2455000	361400	2816400	1823100	4639500

V i n n a.

	Vinna með verði 1942			Verð- hækkun kr.	Vinna með verð- hækkun kr.	Hækkun vegna gerfi- smíða kr.	Hækkun vegna yfir- vinnu kr.
	Áætlun '42 kr.	Umfram kr.	Samtals kr.				
Stífla .....	285000	82600	367600	617700	985300	33000	173100
Þrýstivatnspípa	252000	46200	298200	500900	799100	26800	140400
Stöðvarhús ....	104000	34900	138900	233300	372200	12500	65400
Vélar .....	56000		56000	89100	145100		24700
Vélavarðahús ..	25000	30000	55000	81400	136400	4600	24000
Háspennulína ..	210000	13500	223500	394500	618000	20800	108600
Kostnaður á vinnustað .....	135000	31100	166100	279000	445100	15000	78200
Samtals	1067000	238300	1305300	2195900	3501200	112700	614400

Hér við bætist:

Ófyrirséð ..... kr. 273000

Vélaleiga og þóknun til verksala samkv.

greinargerð hans með bréfi dags. 5/4-'46 " 558000

Samkv. þessari sundurliðun á kostnaði við framkvæmd þess hluta verksins, sem samningurinn milli Siglufjarðarkaupstaðar og Höjgaard & Schultz nær til, hefði kostnaðurinn átt að skiptast þannig, miðað við áætlun 1942, aukið verk og verðhækkun:

Efni .....	kr. 4.639.500
Vinna .....	" 3.501.200
Vélaleiga og þóknun samkvæmt greinargerð verksala 5/4-'46 .....	" 558.000
Ófyrirséð .....	" 273.000
Samtals	<u>kr. 8.971.700</u>

En í greinargerð verksala með bréfi dags. 5/4-'46 (fskj. IV, bls. 29-30), er kostnaðurinn reiknaður kr. 10.485.000 og skiptist þannig:

Greiðslur bókfærðar hjá verksala .....	kr. 10.280.000
Ýmsir kröfuhafar .....	" 85.000
Greitt af Siglufjarðarkaupstað .....	" 80.000
Ógreidd ákvæðisvinna ....	" 40.000
Samtals	<u>kr. 10.485.000</u>

Mannvirkin við Skeiðsfoss og háspennulínan hafa því orðið um  $10.485.000 + 4.250.000 =$  kr. 6.235.000 dýrari en áætlað var 1942.

Þessi hækkun á kostnaðarverði verksins skiptist þannig:

Efni umfram áætlun, með áætlunarverði '42	kr. 361.400
Vinna " " " " " "	<u>238.300</u> kr. 599.700
Hækkun á vélaleigu og þóknun til verksala (558000 ÷ 455000) .....	" 103.000
Verðhækkun á efni .....	" 1.823.100
Hækkun á vinnukostnaði samkv. kauphækkun .....	" 2.195.900
" " " vegna "gerfismiða" .....	" 112.700
" " " " yfirvinnu .....	" 614.400
" " " " vinnubragða o.fl. ..	" 786.200
Samtals	<u>kr. 6.235.000</u>

Við upphæð síðasta reikningsliðsins, hér kr. 786.200, hefir verksali í greinargerð sinni 5/4-1946 gert nokkrar skýringar. Telur hann til frádráttar kostnað vegna matsölu og flutnings verkamanna að og frá vinnustað o.fl., en nokkuð af þeim kostnaði, hlýtur þó að hafa verið talinn með í áætlun um verkið 1942.

Niðurstöðutölur þess kostnaðarreiknings, sem hér hefir

verið gerður, er í góðu samræmi við þá kostnaðarreikninga, sem verksali hefir gert, miðað við aukið verk og verðhækkun. Hefir hann þó við útreikninga sína beitt annarri reikningsaðferð og ólíkri þeirri, sem hér er höfð (sbr. fskj. IV, bls. 11-12). Hann reiknar hækkun á vinnukostnaði, vegna vinnubragða o.fl., um kr. 707.000, en hér er sami kostnaðarliður reiknaður kr. 786.200. Mismunurinn, kr. 79.200, er aðeins um 1,6% af öllum vinnukostnaðinum.

Sömuleiðis eru þessar niðurstöðutölur í góðu samræmi við frumreikninga okkar á fskj. III. Mismunur á kostnaðarreikningum mannvirkjanna við Skeiðsfoss og háspennulínunnar nemur aðeins, með þessum ólíku reikningsaðferðum, um kr. 200.000, eða um 2,2%.

Vegna þessa samræmis eru nokkrar líkur til þess, að niðurstöðutölurnar séu nærri sanni.

II. RAFVEITUKERFIÐ Í SIGLUFJARDAR-  
KAUPSTAÐ OG GAMLA RAFSTÖÐIN ÞAR.

Matsverð gömlu rafstöðvarinnar á Siglufirði og þess rafveitukerfis, sem var í sambandi við hana, fellur undir stofn-  
kostnað rafveitunnar frá Skeiðsfossi. Auk þess varð að sjálf-  
sögðu að verja allmiklu fé til nýbygginga og endurbóta á innan-  
bæjarkerfinu á Siglufirði. Um kostnað við þessi verk liggja  
ekki fyrir fullkomnar upplýsingar og af skjölum, sem endurskoð-  
unarskrifstofa Björns Árnasonar hefir látið okkur í té (fskj. V)  
verður ekki séð, hve miklu hefir verið varið til endurbóta á  
innanbæjarkerfinu. Höfum við því metið aukningu kerfisins eftir  
upptalningu, er við gerðum haustið 1945, en gamla kerfið er metið  
eftir lauslegum uppdrætti, er Jakob Guðjohnsen hafði gert, áður  
en verkið var hafið.

1. Lágspennukerfi gömlu rafveitunnar.

a. E f n i.

230 stk. stólpar, til jafnaðar		
9 m langir á kr. 500/-	.....	kr. 115.200
8 tonn ber eirvír á kr. 5000/-	...	" 40.000
2000 m einangraður vír úr 1C-16		
qmm á kr. 1/50	.....	" 3.000
800 stk einangrarar 3/4" með		
krókum á kr. 7/-	.....	" 5.600
1300 stk. einangrarar 5/8" með		
krókum á kr. 6/-	.....	" 7.800
100 stk endaeinangrarar á kr. 12/-	"	1.200
230 " topphettur á kr. 3/-	.....	" 690
500 kg stagvír á kr. 3/50	.....	" 1.750
2000 stk útvíráklemmur 10-25 qmm		
á kr. 1/50	.....	" 3.000
500 stk útvíráklemmur 25-95 qmm		
á kr. 2/50	.....	" 1.250
400 stk inntakskassar með vörum		
á kr. 120/-	.....	" 48.000
900 stk mælar á kr. 150/-	.....	" 135.000
Ýmislegt smáefni og ófyrirséð um		
10%	.....	" 37.510 kr. 400.000

b. V i n n a.

230 setning stólpa á kr. 300/-	...	kr. 69.000
8 tonn eirvír, strenging	kr.1500/-	" 12.000
400 inntök á kr. 60/-	.....	" 24.000
Vinna við festingu einangrara, frá- gang á stögum, festingu á topp- hettum o.fl.	.....	" 40.000
Ýmisleg vinna við frágang og		
ófyrirséð um 15%	.....	" 25.000 " 170.000
		<u>Samtals kr. 570.000</u>



2. Háspennukerfi gömlu rafveitunnar.

1 spennistöð .....	kr. 90.000	
800 m jarðstrengur 6 kV, 3 x 25 qmm	"	25.600
á kr. 32/- .....	"	12.000
800 m vinna við gröft á kr. 15/- ....	"	3.200
800 " jarðstrengshlífar á kr. 4/- ...	"	
Ýmislegt efni og vinna og ófyrirséð	"	19.200
um 15% .....		<u>kr. 150.000</u>
		<u>Samtals kr. 150.000</u>

3. Gamla rafstöðin.

Í rafstöðinni er ein diesel-samstæða, 300 kVA, einn 50 kVA rafall við vatnsvél, er framleiðir um 36 hö, og ein véla-samstæða, 75 kVA, við um 70 ha hreyfil.

Vinnuafli þessara véla er því samtals um 400 kVA.

Stöðin er yfirbyggð og í henni rofar og einn spennir.

Verð hennar má áætla um kr. 1500.- á hvert kVA, og verður þá heildarverð hennar kr. 400 x 1500 = kr. 600.000.

Þessi kostnaðaráætlun

sem nemur samtals um kr. 1.320.000, er miðuð við, að stöð og kerfi hefði verið gerð á árunum 1943-45. Meiri hluti þessara mannvirkja var þó gerður eftir, eða um svipað leyti og diesel-samstæðan var sett upp, en það var árið 1936. Má því reikna til frádráttar á þetta kostnaðarverð, fyrningu frá 1936 til 1944, eða um 8 ár. Fyrningartími raflínukerfa er yfirleitt talinn 25 ár, en fyrningartími stöðvarinnar er nokkuð minni og viljum við telja hann 20 ár.

Þegar fyrning hefir verið reiknuð á þessi mannvirki teljum við matsverð þeirra þannig:

Lág- og háspennukerfi .....	kr. 720.000	
+ fyrning í 8 ár .....	<u>" 230.000</u>	kr. 490.000
Gamla rafstöðin .....	kr. 600.000	
+ fyrning í 8 ár .....	<u>" 240.000</u>	<u>" 360.000</u>
Matsverð gömlu rafveitunnar og gömlu rafstöðvarinnar .....		<u>Samtals kr. 850.000</u>

4. Aukning rafveitukerfisins.

Um þenna kostnaðarlið gerðum við áætlun í frumreikningum okkar um stofnkostnað veitunnar (fskj. III, VII. kafli). Áætlunarypphæðin var kr. 1.140.000, og vísast til þeirrar sundurliðunar á kostnaðinum, sem þar er gerð.

5. Matsverð á gömlu stöðinni og rafveitukerfinu.

Matsverð á gömlu stöðinni og gamla rafveitukerfinu .....	kr. 850.000
Matsverð á aukningu rafveitukerfisins	" <u>1.140.000</u>
<u>Samtals</u>	<u>kr. 1.990.000</u>

III. VAXTAKOSTNAÐUR, LÁNTÖKUGJALD,  
JARÐAKAUP, SKAÐABÆTUR O.FL.

Af skjölum frá endurskoðunarskrifstofu Björns E. Arnasonar (fskj. V) virðist þessi kostnaðarliður skiptast þannig:

Greiddir vextir			
31/12-'45 .....	kr.	107.671.77	
Ógreiddir vextir			
31/12-'45 .....	"	641.458.30	
Ógr. vextir o.fl.til			
H. & S. 15/4-'46	"	<u>83.756.51</u>	kr. 832.886.58
Lántökugjald .....	"		102.150.00
Jarðakaup og skaðabætur .....	"		171.832.50
Þinglesning og			
stimpilgjöld ....	kr.	79.300.10	
Ferðakostnaður,			
risna o.fl. ....	"	<u>62.977.84</u>	" <u>142.277.94</u>
		<u>Samtals</u>	<u>kr. 1.249.147.02</u>

Þenna kostnaðarlið má því telja  
um kr. 1.250.000.

IV. STOFNKOSTNAÐUR RAFVEITUNNAR.

Reikningur Højgaard & Schultz h/f	kr. 10.485.000
Matsverð gömlu rafveitunnar á Siglufirði og endurbætur á raf- veitukerfinu þar .....	" 1.990.000
Vaxtakostnaður, lántökugjald, jarðakaup, skaðabætur o.fl. ....	" <u>1.250.000</u>
<u>Samtals</u>	<u>kr. 13.725.000</u>

Endurskoðunarskrifstofa Björns E. Árnasonar reiknar kostnað við nýbyggingar rafveitunnar samtals kr. 12.664.927.03 (sbr. fskj. V). Er þar að sjálfsögðu ekki talið með matsverð á gömlu rafveitunni á Siglufirði, sem hér hefir verið reiknað á kr. 850.000. Að viðbætti þeirri upphæð verður stofnkostnaður nýju rafveitunnar, samkv. reikningum endurskoðunarskrifstofunnar, um kr. 13.515.000, en það er um kr. 210.000 lægra en útreikningur okkar hér að framan. Þessi mismunur stafar af ógreiddum vinnukostnaði á Siglufirði og ef til vill einnig af of háu matsverði á aukningu rafveitukerfisins, en það höfum við orðið að meta vegna ófullnægjandi upplýsinga um kostnaðarverðið.

Auk þeirra reikningsliða, sem hér hafa verið taldir undir stofnkostnað nýju rafveitunnar, bætist enn við allur undirbúningskostnaður vegna virkjunarinnar, kaup á jörðum vegna vatnsréttinda, mælingar, og áætlanir um fyrirhugaða virkjun, samtals um kr. 52.000 (sbr. fskj. VI). Ennfremur má telja til stofnkostnaðar endurskoðun á reikningum verksins, úttekt mannvirkjana o.fl. Að viðbættum þessum reikningsliðum má áætla, að stofnkostnaðurinn verði allt að kr. 14.000.000.

V. YFIRLIT UM AUKINN KOSTNAÐ VIÐ FRAM-  
KVÆMD SKEIÐSFOSSVIRKJUNARINNAR.

Eins og áður er sagt, var aðeins gerð kostnaðar-  
áætlun um þann hluta verksins, sem samningur við Höjgaard &  
Schultz nær til og hefir sá hluti verksins orðið um kr.  
6.235.000 dýrari en áætlað var. Þessi kostnaðarauki er sundur-  
liðaður á bls. 21.

Niðurstöðutölur eru þessar:

Aukning mannvirkjanna og verðhækkun	
á efni og vinnu .....	kr. 4.721.700
Kostnaður umfram aukið verk og	
verðhækkun .....	" 1.513.300
	Samtals kr. 6.235.000

Hér er efnið talið með kostnaðarverði og kostnaðar-  
aukinn, kr. 1.513.300, er því vinnukostnaður umfram aukið verk  
og verðhækkun á vinnu.

Allur vinnukostnaðurinn nemur um kr. 5.014.500 og  
skiptist þannig (sbr. töflu á bls. 20):

Vinna samkv. áætlun 1942 ...	kr. 1.067.000	
Vinna umfram áætlun, með		
áætlunarverði .....	" 238.300	Aukin vinna 22,3%
Verðhækkun á vinnu samkv.		
grunnkaupshækkun og verðlags-		
uppbót .....	" 2.195.900	Verðhækkun 168,2%
	Samtals kr. 3.501.200	á vinnu

Hækkun vinnukostnaðar:

Vegna gerfismiða	kr. 112.700	
" yfirvinnu		
umfram áætlun ..	" 614.400	kr. 727.100 - 20,8%
Vegna vinnubregða	786.200	" 786.200 - 22,5%
	Samtals kr. 5.014.500	43,3%

Verksali hefir gert allitarlega grein fyrir því, af  
hverju þessi hækkun stafar (sbr. fskj. IV, bls 4-11 og 21-25).  
Viljum við einnig benda á, að við framkvæmd verksins hefir að  
mörgu leyti verið óvenjulega erfið aðstaða við verkstjórn og  
eftirlit með vinnu, ekki síst vegna þess að ekki var völ á nægi-  
lega mörgum hæfum kunnáttumönnum. Að öðru leyti teljum við  
þessar niðurstöðutölur, ásamt greinargerð verksala, skýra þær  
ástæður, sem liggja til þess, "að kostnaður við framkvæmd Skeiðs-  
fossvirkjunarinnar hefir hækkað frá því sem áætlað var".

Reykjavík, 12. nóvember 1946.

*Þorvaldur Þorvaldsson*  
*Stefnir Þorvaldsson*

RAFMAGNSEFTIRLIT RÍKISINS

Reykjavík, 30/7-'45.

Herra prófessor Finnbogi R. Þorvaldsson  
Ásvallagötu 79,  
Rvk.

Mér hefur verið falið af Samgöngumálaráðherra hr. Emil Jónssyni að tilnefna tvo verkfræðinga til þess að athuga nú í sumar í samráði við bæjarstjóra Siglufjarðar og fulltrúa frá Höjgaard & Schultz hvaða ástæður liggja til þess, að kostnaðurinn við framkvæmd Skeiðfossvirkjunarinnar hefur hækkað frá því, sem áætlað var.

Samkvæmt þessu leyfi ég mér að tilnefna yður hr. prófessor Finnbogi R. Þorvaldsson til þessa starfs.

Virðingarfyllt,  
F.h. Jakobs Gíslasonar  
Eiríkur Briem

RAFMAGNSEFTIRLIT RÍKISINS

S a m n i n g u r

milli

Siglufjarðarkaupstaðar

og

firman Höjgaard & Schultz útibú á Siglufirði.

Bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar, hérefrir í samningi þessum nefnd verkkaupandi, og firmað Höjgaard & Schultz h.f. útibú á Siglufirði, hérefrir í samningi þessum nefnt verksali, hafa í dag gert með sér svofelldan samning um byggingu rafstöðvar við "Skeiðfoss":

- 1) Verksali tekur að sér að gera fullnaðaráætlun um rafstöðina í Fljótum og byggja hana, háspennuleiðsluna úr Fljótum til Siglufjarðarkaupstaðar ásamt aðalspennibreytistöðinni í Siglufirði, aukningu, endurbótum og breytingu á rafveitukerfi bæjarins.
- 2) Verkið í Fljótum skal þegar hafið og hagað með það fyrir augum, að hefja megi rekstur stöðvarinnar á árinu 1943, ef mögulegt verður að fá vélasamstæðuna til landsins, svo tímanlega á því ári.

- 3) Byggingarkostnaður með einni vélasamstæðu er áætlaður 31. maí 1942 sem hér segir:

Stíflu og byggingarkostnaður að með-	
taldri þóknun .....	kr. 2.550.000.00
Háspennuleiðsla .....	" 650.000.00
Ein aflvélasamstæða ásamt uppsetningu	<u>" 1.050.000.00</u>
Alls að meðtaldri þóknun .....	<u>Kr. 4.250.000.00</u>

- 4) Stöðin er smíðuð á ábyrgð og kostnað verkkaupanda, og skal endurgreiða verksala að fullu allan kostnað við framkvæmd verksins, þar með talinn kostnaður til efniskaupa, verkakaups, verkstjórakaups, virkjakaupts, (montörur) verkamannatryggingar, eyðslugagna (svo sem kol, olía og fleira), farmgjalda, farmtrygginga, flutningsmiðlunar, flutninga á sjó og landi, opinberra afgjalda, svo sem tolla, hafnargjalda o.s.frv., ýmsra útgjalda á byggingarstöðvum ásamt gjöldum þeim, sem ákveðin eru í 5 gr. til véla og verkfæra. Fé það, sem verksali hefur lagt fram til framkvæmdar verkinu, skal endurgreiða mánaðarlega samkvæmt framlagðri skilgrein, en þó skal verkkaupandi sjálfur annast útvegum á nauðsynlegu erlendu fé og nauðsynlegum útborgunum og bankalánunum í Bandaríkjunum Ameríku.
- 5) Verksali leggur til öll almenn verkfæri ásamt eftirtöldum vélum:

Blöndunarvélar með mótorum og flutningstæki við steinsteypuvinnu.

Teinabrautir til flutnings á mold og grjóti.

Dælur og hnyðjuvindur með mótorum (Rambuk).

Lyftitæki við byggingarstörf og háspennuleiðslu.

Þrýstiloftverkfæri, steypuskeflar (Betonvibratorar).

Loftþrýstítæki.

Ýmsar minni vélar á vinnustöðvar og í smíðju.

Fyrir vélar þessar og fyrir afnot verkfæra greiði verkkaupandi verksala kr. 45.000.00 + \$ 6.000.00 í leigu, og falla þar af \$ 6.000.00 í gjalddaga 31. janúar 1943, en kr. 15.000.00 hvern eftirtalðra eindaga: 31. marz, 30. júní og 30. september 1943. Vélaleigan tekur til varahluta, en hvorki til flutnings innanlands, né reksturs og viðgerðarkostnaðar, meðan á virkjun stendur. Flestar vélarnar munu verða nýjar, en aðrar munu verða leigðar í rekstursferu standi.

Þar sem hefur reynst nauðsynlegt, að sprengja og mylja grjót á byggingarstaðnum til steinsteypunnar, skal verkkaupandi leggja til grjótmulningstæki, sigti er hann nú á og loftpressu, er keypt verður.

Allar fleytur (uppskipunarbátar, vélbátar o.s.frv.) skulu

leigðar eða keyptar á kostnað verkkaupa.

Sérstakar vélar (grafvélar, dráttarvélar, vagnar til að flytja punga vélahluta) skulu leigðir á kostnað verkkaupa, ef til vill hjá ameríska hernum. Verksali skal sjá um útvegum á tækjunum. Allur bifreiðarakstur skal greiddur eftir þeim taxta, sem gildir á hverjum tíma, eða samkvæmt sérstöðum samningum, er ef til vill kynnu að verða gerðir, og trúnaðarmaður verkkaupanda samþykkir.

- 6) Fyrir alla verkfræðiaðstoð, bæði hér á landi og í Bandaríkjunum við að ganga frá fullnaðaráætlun, annast kaup á efni og vélum talið frá 1. maí 1942, sjá um stjórn og eftirlit með byggingarstörfum og uppsetningu, þó með neðantaldri undantekningu, ennfremur fyrir útgjöld við yfirstjórn í Reykjavík og Siglufirði, endurmyndun uppdrátta, símkostnað, ferðakostnað o.s.frv. greiðir verkkaupandi þóknun til verksala, er nemur kr. 200.000.00 + \$ 26.000.00.

Þóknunin fellur í gjalddaga sem hér segir:

31. desember 1942 kr. 30.000.00 + \$ 5.000.00

31. marz 1943 kr. 50.000.00 + \$ 6.000.00

30. júní, 30. september og 31. desember 1943 í hvern eindaga kr. 40.000.00 + \$ 5.000.00.

Sá hluti þóknunarinnar, er greiddist í ísl. kr. miðast við vísitölu 210. Verði breyting til hækkunar eða lækkunar, samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands, hækkar eða lækkar umrædd þóknun eftir því. Við útreikning greiðslunnar skal taka meðaltal af vísitölunni eins og hún var á því tímabili, er greiðslan miðast við.

Skyldi reynast nauðsynlegt að senda einn eða tvo verkfræðinga frá Bandaríkjunum til að setja upp hvort um sig túrbínurnar og rafmagnsvélarnar, skal fyrir hvorn þeirra greiða verksala \$ 2.000.00 umfram ofangreinda þóknun.

Skyldi byggingarkostnaður reynast minni en 4,25 miljónir króna eins og áætlað er í þriðju grein, ber verksala auk umsáminnar þóknunar 10% af þeirri upphæð, er sparast. Fari hins vegar svo að byggingarkostnaður verði meiri, skal draga 7½% af þeirri upphæð, sem fram úr áætlun fer, frá hinni umsömdu þóknun. Breytingar á byggingarkostnaði, sem stafa af verðbreytingu á efni, vélum, farmgjöldum, tryggingum, verkalaunum, bifreiðarakstri o.s.frv. frá verðlagi og töxtum eins og þeir voru 31. maí þ.á. skulu þó engin áhrif hafa á upphæð þóknunarinnar.

Verðlag það og taxtar, sem hér um ræðir sjást á meðfylgjandi skrá.

- 7) Að því er viðvíkur óviðráðanlegum ástæðum, sem hindra fullnað-



arfrankvæmd verksins, eða teíja hana um óvissan tíma, skal þetta tekið fram:

Ef verkkaupandi af þessum ástæðum afræður að hætta við framkvæmd verksins, ber verksala að rétttri tiltölu borgun bæði á greiðslum þeim, sem ákveðnar hafa verið fyrir vélaleigu, að viðbættri verkfæraleigu og þóknuninni.

Vélaleigan m.m. skal reiknuð hlutfallslega eftir hlutfallinu milli útgjalda til vinnu þeirrar, er þegar hefur verið unnin, og hinnar áætluðu upphæðar fyrir stíflu og byggingarvinnu, 2,55 miljónir kr., (sjá gr. 3) að frádreginni allri vélaleigunni (45.000.00 kr. + \$ 6.000.00) frá þóknunarhlutanum (130.000.00 kr. + \$ 17.000.00) alls 2,22 miljónir króna.

Af þóknuninni ber að greiða verksala fyrir að gera fullnaðaráætlun og fyrir innkaup á efni kr. 45.000.00 + \$ 6.000.00, en síðan hlutfallslega fúlgu af því, er eftir stendur að þóknuninni, reiknaðri eftir útgjöldum til þeirrar vinnu, sem innt hefur verið af hendi við stíflu og byggingarframkvæmdir, að viðbættri háspennuleiðslu, að rétttri tiltölu við hina áætluðu upphæð, 3,2 miljónir króna, (sjá gr. 3) að frádregnum þóknunarhlutanum (300.000.00) 2,9 miljónir króna.

